

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um aðgerðaáætlun byggðaáætlunar.

1. *Hefur ráðuneytið skilgreint hvaða störf sé hægt að vinna utan ráðuneytisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar? Ef já, hver eru þau störf?*

Já, í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar hefur ráðuneytið skilgreint þau störf sem geta verið án sérstakrar staðsetningar þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki. Greiningin sýnir að 40% starfa í ráðuneytinu má auglýsa án staðsetningar. Greininguna má sjá í meðfylgjandi excel-skjali. Greiningin miðar við þau störf sem hægt væri að auglýsa án staðsetningar.

2. *Hve mörg störf er nú þegar búið að ráða í utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við aðgerðaáætlun byggðaáætlunar?*

Frá samþykkt byggðaáætlunar á Alþingi 11. júní 2018 hefur ráðuneytið fastráðið í átta störf. Þarf af var ráðið í eitt starf án staðsetningar eða 12,5%.

3. *Hefur ráðuneytið mótað sér áætlun til að uppfylla kröfu byggðaáætlunar um að 5% auglýstra starfa skuli vera án staðsetningar fyrir árslok 2021 og 10% fyrir árslok 2024?*

Ráðuneytið hefur þegar greint hvaða störf það geti auglýst án staðsetningar. Munu störf vera auglýst án staðsetningar í samræmi við þá greiningu.

Fylgiskjal.

Heiti stofnunar: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti						
Starfsheiti	Fjöldi	Krefst starfið persónulegrar þjónustu við notendur sem verður að veita á staðnum og ekki er hægt eða æskilegt að veita í gegnum síma eða net (t.d. heilbrigðisstarfsfólk og löggæsla)?	Krefst starfið viðveru á tilteknu svæði (t.d. ræstingar, mótuneyti, framkvæmdir og viðhald)?	Telur þú raunhæft að auglýsa starfið/störfín án staðsetningar?	Samtals fjöldi stöðugilda sem hægt væri að auglýsa án staðsetningar.	Hluti hóps í hverju starfsheiti sem talið er að hægt sé að auglýsa án staðsetningar (sjávirkur útreikningur).
		<i>já/nei/að hluta</i>	<i>já/nei/að hluta</i>	<i>já/nei/að hluta</i>		%
Lögfræðingur	10	nei	nei	<i>já/nei/að hluta</i>	5	50%
Sérfræðingur með málaflökk	9	nei	nei	<i>að hluta</i>	4	44%
Rekstrarstjóri	1	nei	<i>að hluta</i>	nei	0	0%
Sérfræðingur fjárlögum og áætlanagerð	2	nei	nei	<i>já</i>	2	100%
Mannauðsstjóri	1	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Starfsmaður í móttöku	1	<i>já</i>	<i>já</i>	nei	0	0%
Ritari ráðherra/ráðuneytisstjóra	2	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Sérfræðingur/ritari	2	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Skrifstofustjóri	4	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Ráðuneytisstjóri	1	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Bókari	1	nei	nei	<i>já</i>	1	100%
Skjalavörður/-stjóri	2	<i>að hluta</i>	nei	<i>að hluta</i>	1	50%
Upplýsingafulltrúi	1	<i>að hluta</i>	nei	nei	0	0%
Sérfræðingur - Jöfnunarsjóður	4	nei	nei	<i>já</i>	3	75%
Sérfræðingur EES	1	nei	nei	<i>já</i>	1	100%
	42				17	40%